

Nd.

75. Frumvarp til laga

um réttindi danskra ríkisborgara á Íslandi.

Frá stjórnarskrárnefnd.

1. gr.

Þeir, er danskan ríkisborgararétt hafa öðlazzt samkvæmt þeim reglum, er þar um giltu fyrir 9. apríl 1940, eða öðlast hann síðar eftir áðurnefndum reglum, skulu hér á landi njóta þess jafnréttis við íslenzka ríkisborgara, er þeim var áskilið í 6. gr. sambandslaga Íslands og Danmerkur 30. nóv. 1918, fyrst um sinn, þar til 6 mánuðum eftir að samningar um það mál geta hafizt milli Íslands og Danmerkur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi, um leið og tillaga til þingsályktunar um niðurfellingu dansk-íslenzka sambandslagasamningsins frá 30. nóv. 1918.

Greinargerð.

Frv. þetta er samið að tilhlutun skilnaðarnefndar Sp. og stjórnarskrárnefnda þeggja þingdeilda í samvinnu við dómsmálaráðherra. Stendur það í sambandi við afgreiðslu skilnaðarmálsins og lýðveldisstjórnarskrárinnar.